# Ársskýrsla 2010

**Faxaflóahafnir** sf
Associated
Icelandic
Ports






## Á Langasandi

*Tileinkað HKL*

---

**Þar sem gulan vitann**
**ber við elliheimilið**
**hættir sandurinn**
**að vera ljós**

**Og rennur**
**saman við**
**Tímahafið**

---

**Gyrðir Elíasson**
(f. 1961)

**Tvífundnaland, 2003**

**Ljósmynd á forsíðu:**
Haukur Már Hauksson
**Ljósmynd á baksíðu:**
Leifur Wilberg Orrason




Haukur Már Hauksson

# Frá stjórnarformanni



Fyrirtækjum sem sækjast eftir aðstöðu við Faxaflóahafnir fjölgar ört. Fyrir utan útgerðir, flutningafyrirtæki og hafnsækinn iðnað, stóran og smáan, hefur á undanförnum árum orðið mikill vöxtur í hafnsækinni ferðaþjónustu. Henni fylgja veitingastaðir, hótel og minjagripabúðir og hún er mikilvæg lyftistöng fyrir söfn á borð við Sjóminjasafnið Víkina. Auk þess sækja nú skapandi greinar í stórum stíl í aðstöðu við Gömlu höfnina í Reykjavík. Gamla höfnin er að verða heitasti staðurinn í borginni.

Orðið hafnsækin starfsemi hefur því fengið víðtæka merkingu undanfarin ár, eins og hefur gerst víða erlendis. Hér á landi hafa Húsvíkingar verið frumkvöðlar í hafnsækinni ferðaþjónustu og safnastarfsemi tengdri sjónum. Þessi þróun hefur í för með sér að notendur hafnasvæðanna verða æ fjölbreyttari og að sama skapi eru gerðar meiri og fjölþættari kröfur til hafnanna. Segja má að hafnirnar séu að verða æ flóknara og um leið viðkvæmara sambýli. Til að það gangi upp þarf samvinnu og samráð.

Stjórn Faxaflóahafna tók tvö skref síðastliðið haust til að efla hafnarsambýlið. Stjórnin samþykkti samhljóða að láta vinna tillögu að heildstæðri umhverfisstefnu fyrir fyrirtækið. Verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækið Efla var fengið til verksins. Það hefur þegar skilað drögum að ítarlegri skýrslu þar sem umhverfisþættir í rekstri Faxaflóahafna eru greindir. Fjallað er um viðskiptaumhverfi hafnanna og stöðu skipulagsmála. Einnig er gerð grein fyrir stöðu umhverfismála í nokkrum höfnum í nágrannalöndum.

Hin tillagan kvað á um að stjórn Faxaflóahafna haldi árlega opinn fund með hinum fjölbreyttu notendum hafnanna. Faxaflóahafnir telja mikilvægt að geta komið málefnum fyrirtækisins á framfæri við notendur hafnanna og ekki er síður mikilvægt að þeir geti komið sínum sjónarmiðum milliliðalaust á framfæri. Fyrsti notendafundurinn var haldinn 12. október og kallaður „Málþing með notendum Faxaflóhafna“. Þingið tókst vel. Þar ræddi meðal annarra sviðsstjóri frá Samskip um þróun vöruflutninga til og frá Íslandi og framkvæmdarstjóri Eldingar hvalaskoðunarþjónustu fjallaði um þróun í hafnsækinni ferðaþjónustu.

Telja má víst að aðsókn eftir fjölbreyttri aðstöðu við hafnirnar muni áfram aukast. Það mun skapa ærin verkefni fyrir Faxaflóahafnir. Eitt stórt verkefni var falið stýrihóp stofnuðum á útmánuðum undir formennsku undirritaðs. Hópnum er ætlað að endurskoða skipulag við Gömlu höfnina frá Grandagarði að tónlistar- og ráðstefnuhúsinu. Hópnum er nánar tiltekið ætlað að taka afstöðu til fyrirliggjandi áætlana, marka sýn til framtíðar, undirbúa endurskoðun skipulagsvinnu á hafnarsvæðinu og hafa yfirumsjón með framgangi hennar. Hvorki meira né minna. Við eigum að skila niðurstöðum fyrsta september.

Hjálmar Sveinsson, *stjórnarformaður Faxaflóahafna*



Björn Pálsson

# Ávarp hafnarstjóra



Fæstir gera sér grein fyrir því hversu stór hluti efnahagslífs Íslendinga tengist höfnum og hafnarsvæðum. Um hafnirnar fer nánast allur fiskur, hráefni til iðnaðar, framleiðsla fyrirtækja og almennar neysluvörur. Á landi eru flutningafyrirtæki sem ýmist skila vöru á hafnarbakka til útflutnings eða annast dreifingu á vöru til neytenda innanlands. Á þessum vettvangi eru Faxaflóahafnir sf. lykilaðili í þróun, uppbyggingu og rekstri mikilvægra innviða í flutninga- og efnahagskerfi landsins. Því má einnig halda fram að í rekstri Faxaflóahafna sf. megi sjá spegilmynd efnahagslífsins þegar umsvif minnka verulega í samdrætti en aukast hressilega þegar betur árar. Allt er þetta kunnuglegt erlendis frá og nú berast þær fregnir frá erlendum höfnum, þar sem umsvif minnkuðu verulega árið 2008, að líf sé að færast í tuskurnar – og það byrjar á hafnarsvæðunum.

Því miður var árið 2010 ekki eitt af bestu árum Faxaflóahafna sf. og útlit er fyrir að árið 2011 verði með líkum hætti. Eftir sem áður er afkoma fyrirtækisins á árinu 2010 viðunandi og taki atvinnu- og efnahagslíf við sér mun það strax sjást í auknum umsvifum og jákvæðari afkomu Faxaflóahafna sf. Þrátt fyrir minni umsvif en oft áður þá leynast ýmis tækifæri sem vonandi verða einhver að raunverulegum verkefnum. Margir hafa sýnt aðstöðunni á Grundartanga áhuga, ferðamönnum með farþegaskipum fer fjölgandi og tækifæri eru til að laða að aukinn sjávarafla með bættri aðstöðu í Reykjavík og á Akranesi. Galdurinn felst í að koma auga á tækifærin, hafa trú á þeim og fylgja þeim eftir. Árangur í þeim efnum kemur öllum til góða.

Lífið í Faxaflóahöfnum er fjölbreytt sem fyrr og fjölbreytnin eykst heldur. Haftengd ferðaþjónusta fer vaxandi og henni fylgir aukið mannlíf og menning. Í bland við flutninga, skip og fisk er það hlutverk okkar að skapa umhverfi þar sem ýmis konar þjónusta, menning og gott mannlíf getur blómstrað í góðri sátt. Aðdráttarafl hafnarsvæða mun aldrei dvína og jákvæður áhugi mun styrkja vitund fólks um mikilvægi hafna og hafnarstarfsemi. Það verður því áfram spennandi verkefni að flétta saman þessa þætti.

Sem aldrei fyrr eru hafnarsvæðin innan Faxaflóahafna sf. mikilvægur vettvangur athafnalífs af ýmsum toga. Ef vel er róið á mið þeirra tækifæra sem við höfum þá mun okkur farnast betur en síðustu misseri. Enginn bilbugur er á starfsfólki Faxaflóahafna sf. sem hefur leyst sín verk í meðbyr og mótbyr af stakri prýði og trúmennsku og fyrir það ber að þakka. Vonandi mun okkur farnast vel á komandi árum og hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. iða af fjölbreyttri starfsemi og fjölskrúðugu mannlífi.

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*

# Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 20. maí 2011

## Inngangur

Starfsemi Faxaflóahafna sf. árið 2010 bar nokkur merki þess samdráttar sem orðið hefur í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Umfang starfseminnar var nokkuð sambærilegt því sem var árið 2009 eftir talsverðan samdrátt í flutningum, tekjum og eftirspurn eftir nýjum lóðum. Þrátt fyrir þessa þróun hefur rekstur Faxaflóahafna sf. verið viðunandi þar sem tekjusamdrætti hefur verið mætt með aðhaldi og breytingum á umfangi í rekstri og framkvæmdum. Afkoma ársins var betri en gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun og má þakka þann árangur varkárni og aðhaldi starfsmanna í rekstri fyrirtækisins. Hlutverk Faxaflóahafna sf. er ekki síst að skapa fyrirtækjum bestu aðstæður til rekstrar hvort heldur er við hafnarbakka eða á landi. Um margt hefur tekist vel í þeim efnum og þó svo að stórum verkefnum verði ekki lokið fyrr en að nokkrum árum liðnum þá tókst á árinu 2010 að koma áleiðs ágætum áföngum sem skipta munu efnahags- og atvinnulíf á starfssvæði fyrirtækisins miklu. Þróun hafnar- og athafnasvæða er langtímaverkefni þar sem horfa þarf til langrar framtíðar. Þar reynir á framsýni og útsjónarsemi við skipulagningu og framkvæmdir þannig að best nýtist notendum og samfélaginu í heild. Í umhverfi samdráttar og kyrrstöðu verður að treysta því að fjárfestingar í lóðum og aðstöðu skili sér í auknum umsvifum þegar til lengri tíma er litið.

Á árinu 2010 lauk áfanga við landmótun í Vesturbugt Gömlu hafnarinnar og hluta frágangs við Sjóminjasafnið og verbúðirnar við Geirsgötu leigðar nýjum aðilum sem stunda þar fjölbreyttan atvinnurekstur. Bæði þessi verkefni hafa opnað á ný tækifæri og skapað aukið mannlíf í Suðurbugt og Vesturbugt, sem án vafa á eftir að vaxa frekar og dafna. Unnið var að landþróun í Sundahöfn utan Klepps og að undirbúningi frekari uppbyggingar hafnarmannvirkja í Sundahöfn. Gengið var frá uppgjöri samnings við Lífland vegna kaupa á eignunum Korngarðar 7 og 5 í Sundahöfn og úthlutun lóðar til fyrirtækisins á Grundartanga í samræmi við þann samning sem gerður var á árinu 2008. Á Grundartanga var hafist handa við undirbúningsframkvæmdir að lengingu viðlegubakkans, landmótun og formun lóða á vestursvæðum. Þá var unnið að rannsóknum á öldufari við höfnina á Akranesi til undirbúnings aðgerðum til að auka kyrrð í höfninni og til að móta tillögur að skipulagi hafnarinnar og næsta nágrennis hennar. Í Borgarnesi vann sveitarfélagið að gerð aðalskipulags en Faxaflóahafnir sf. hafa skoðað hvernig megi endurbæta aðstöðu fyrir smábáta í Borgarneshöfn. Þá var hafist handa við gerð umhverfisstefnu fyrir Faxaflóahafnir sf., sem er afar mikilvægt verkefni fyrir fyrirtæki sem tengist á mörgum sviðum ýmsum umhverfisþáttum beint og óbeint.

Þegar á heildina er litið er afkoma og rekstur Faxaflóahafna sf. viðunandi, en áfram nokkur óvissa framundan um þróun efnahags- og atvinnumála, en þróun þeirra ræður mestu um afkomu fyrirtækisins. Vöruflutningar á milli áranna 2009 og 2010 drógust frekar saman á milli áranna eða um 9%, en aukning í lönduðum fiski og hækkun verðmæta þess afla sem landað var leiddi til nokkuð aukinna tekna fyrirtækisins í aflagjöldum. Því má segja að aukinn afli og verðmæti hafi verið jákvæðasti þátturinn í rekstrarumhverfi fyrirtækisins.

**Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra eru:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,00% |
| Akraneskaupstaður | 10,70% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,24% |
| Borgarbyggð | 4,84% |
| Skorradalshreppur | 0,22% |

## Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 23. júní 2010 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

**Frá Reykjavíkurborg:**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Hjálmar Sveinsson, *formaður* |
| | S. Björn Blöndal, *varaformaður* |
| | Júlíus Vífill Ingvarsson |
| | Björk Vilhelmsdóttir |
| | Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir |
| Varamenn: | Hjördís Sjafnar Ingimundardóttir |
| | Arna Garðarsdóttir |
| | Gísli Marteinn Baldursson |
| | Dagur B. Eggertsson |
| | Kjartan Magnússon |

**Frá Akraneskaupstað:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Sturlaugur Sturlaugsson |
| Varamaður: | Guðni Tryggvason |
| Áheyrnarfulltrúi: | Gunnar Sigurðsson |

**Frá Hvalfjarðarsveit:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Sigurður Sverrir Jónsson |
| Varamaður: | Ása Helgadóttir |

**Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Páll Brynjarsson |
| Varamaður: | Geirlaug Jóhannsdóttir |

**Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Hermann Bridde |
| Varamaður: | Kristjana Óladóttir |

# Afkoma ársins 2010

Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2010 var nokkru betri en ráð var gert fyrir í fjárhagsáætlun. Í ljósi almennrar óvissu um þróun efnahagsmála var stuðst við varfærna tekjuspá og sérstaks aðhalds gætt varðandi rekstrargjöld. Niðurstaðan er því vel viðunandi, en tekjur voru nokkuð umfram áætlun en rekstrarútgjöld nánast þau sem áætluð voru. Þá var þróun fjármagnsliða hagstæðari en reiknað var með og rekstrarhagnaður því meiri en áætlað hafði verið. Hafa verður í huga að tekjuáætlun ársins 2010 var gerð við allnokkra óvissu, sérstaklega hvað varðar þróun flutninga, umfang og verðmæti sjávarafla, verðlags og gengis. Niðurstaða reikningsins ber með sér að mjög varlega var farið varðandi aflagjöld, vörugjöld náðu hins vegar ekki því sem áætlað var en þróun gengis og verðlags varð nokkru hagstæðari en ráð var fyrir gert.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2010 voru kr. 2.317.838.357 sem er 4,5% hækkun tekna á milli ára. Tekjuspá í fjárhagsáætlun ársins var nokkru varlegri en í heild voru tekjur 82,8 mkr. umfram áætlun eða 3,7%. Þar vegur langþyngst aukning aflagjalda, sem hafa síðustu ár tæplega tvöfaldast vegna aukins afla sem landað er hjá Faxaflóahöfnum sf., aukins verðmætis aflans og lágrar stöðu íslensku krónunnar.

| | Árs-reikningur | Fjárhags-áætlun | Frávik | % |
|---|---|---|---|---|
| Vörugjöld | 745.220 | 761.047 | -15.827 | -2,1 |
| Aflagjöld | 213.150 | 150.000 | 63.150 | 42,1 |
| Skipagjöld | 186.073 | 176.900 | 9.173 | 5,2 |
| Eignatekjur | 791.251 | 770.804 | 20.447 | 2,7 |
| Hafnarþjónusta | 208.192 | 202.161 | 6.031 | 3,0 |
| Siglingavernd | 170.660 | 174.153 | -3.493 | -2,0 |
| Söluhagnaður o.fl. | 3.294 | 0 | 3.294 | 0 |
| Alls | 2.317.840 | 2.235.065 | 82.775 | 3,7 |

*þús.kr.*

Þróun heildartekna og vörugjalda á síðustu árum hefur verið eftirfarandi sbr. neðangreinda töflu:

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildar-tekjur | 1.985,5 | 2.466,4 | 2.525,3 | 2.595,8 | 2.271,2 | 2.317,8 |
| Vörugjöld | 812,7 | 871,1 | 897,2 | 920,1 | 749,9 | 745,2 |

*Þús. kr.*

Samkvæmt framangreindu eru heildartekjur ársins 2010 tæpum 12.0% lægri en var árið 2008 og vörugjöld um 23.0% lægri en árið 2008.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2010 voru kr. 2.014.619.242 og hækka að krónutölu á milli ára um 11.0 mkr. eða um 0,5%. Frávikið frá fjárhagsáætlun ársins var 16,8 mkr. eða sem nemur 0,8%.

| | Árs-reikningur | Fjárhags-áætlun | Frávik | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| Hafnarvirki | 285.290 | 279.313 | 5.977 | 2,1% |
| Eignagjöld | 274.829 | 252.629 | 22.200 | 8,8% |
| Hafnarþjónusta | 322.111 | 315.009 | 7.102 | 2,3% |
| Skrifstofa og stjórnun | 258.819 | 268.355 | -9.536 | -3,6% |
| Siglingavernd | 130.618 | 129.989 | 629 | 0,5% |
| Raunbreyting lífeyrisskuldb. | 1.274 | 0 | 1.274 | – |
| Afskriftir | 739.156 | 750.000 | -10.844 | -1,4% |
| Samtals | 2.012.097 | 1.995.294 | 16.801 | 0,8% |

*Þús. kr.*

Að teknu tilliti til fjármunaliða er rekstrarhagnaður ársins 2010 alls 269,8 mkr. sem er 138,8 mkr. hagstæðari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og 165,9 mkr. hagstæðari niðurstaða en árið 2009.



Haukur Snorrason

Fastafjármunir voru í árslok 11,7 ma.kr. og er nánast óbreytt tala á milli ára. Langtímakröfur lækka um 98,6 mkr. og vegur þar þyngst að þurrð í eftirspurn lóða leiðir til þess að ekki verða til ný skuldabréf vegna lóðaúthlutana. Veltufjármunir lækka á milli ára um 93,0 mkr. og vegur þar þyngst uppgreiðsla útistandandi krafna. Eignir og eigið fé eru samtals 12,6 ma.kr. og lækka á milli ára um 70,0 mkr. sem m.a. skýrist af útgreiðslu arðs til eigenda á árinu 2010. Eiginfjárhlutfall lækkaði úr 84,3% í 83% á milli ára.

Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 1.654,2 þús. kr. og lækka um 97,1 mkr. eða um 5,5%. Skammtímaskuldir lækkuðu hins vegar um 26,7 mkr. Skuldir alls voru í árslok 1.988,7 þús. kr. en voru í árslok 2009 alls 2.155,8 mkr. Lækkun á milli ára er 167,1 mkr. sem nemur um 7,8%.

Handbært fé frá rekstri var 136,3 mkr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Engin lán voru tekin til rekstrar eða fjárfestinga á árinu 2010. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga hækkaði handbært fé um 36,9 mkr. og var í árslok 425,2 mkr.

Þegar á heildina er litið er niðurstaða rekstrar og fjárfestinga í samanburði við fjárhagsáætlun vel viðunandi. Hafa verður í huga að áætlanagerðin bjó við afar óvissa þróun ýmissa þátta efnahagsmála og umsvifa í samfélaginu. Lækkun verðbólgu og styrking gengis hafði almenn jákvæð áhrif og aukinn afli og vaxandi aflaverðmæti kom til góða hvað tekjur varðar en tekjufall af vörugjöldum er enn nokkuð undir meðaltekjum af þeim lið á s.l. 10 árum. Aðeins var úthlutað tveimur lóðum á árinu 2010 en ekki er útlit fyrir að veruleg breyting verði á eftirspurn lóða á næstu misserum. Þá liggur fyrir að fasteignamat lækkaði í lok árs 2010 sem þýðir að lóðarleigutekjur munu lækka. Því verður enn búið við ákveðna óvissu og viðkvæmt umhverfi á næstu mánuðum og e.t.v. árum þó svo að örlítil batamerki megi greina ef gengið er út frá því að almennt ástand efnahagsmála versni ekki frá því sem nú er. Viðunandi árangur á árinu 2010 undirstrikar því ágæta stöðu Faxaflóahafna sf. með þeim fyrirvara að gæta þarf varkárni á komandi mánuðum, ekki síst hvað varðar tekjuhlið rekstrarins.



Haukur Snorrason

## Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2010

Skipting fjárfestinga eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

| | Fjárfesting | Hlutfall |
|---|---|---|
| Gamla höfnin | 117,7 | 12,4% |
| Sundahöfn | 748,1 | 78,9% |
| Grundartangi | 69,7 | 7,4% |
| Akranes | 5,4 | 0,6% |
| Annað | 6,8 | 0,7% |
| Alls | 947,7 | 100% |

*millj.kr.*

Á árinu 2010 var gengið frá uppgjöri samnings vegna kaupa á eignunum Korngarðar 7 og 5 og úthlutun lóðar á Grundartanga í samræmi við þann samning sem gerður var á árinu 2008. Þá var úthlutun lóðarinnar Klettagarðar 4 afturkölluð og lóð úthlutað að nýju. Afturköllun lóðarinnar var eignfærð og því er kostnaður við eignabreytingar hærri sem því nemur, en tekjur af endurúthlutun færast undir liðinn „lóðaúthlutun“. Tekjur af þeim lið á árinu voru alls 179,2 mkr. en voru áætlaðar 89,0 mkr. Af þeim lið leiddi einnig að veitt skuldabréfalán voru 67,8 mkr.

Í Gömlu höfninni var m.a. unnið að frágangi á Slippasvæðinu næst Sjóminjasafninu. Gengið var frá grjótvörn og niðurrekstri undirstaða fyrir göngupalla meðfram ströndinni. Þá var gengið frá palli, brú, gangstéttum og öðrum þáttum næst Sjóminjasafninu Víkinni og er svæðið því smám saman að taka á sig ágæta mynd, ekki síst eftir að gengið var frá ytra byrði Grandagarðs 8. Þá var einnig unnið að lagfæringu göngustígs og umhverfi á lóðarmörkum frá Lýsi hf. að Fiskislóð 33. Áfram var haldið við endurnýjun á þaki og gluggum verbúðanna á Grandagarði og þar teknir inn nýir leigjendur í syðsta hluta verbúðanna, með það að markmiði að glæða starfsemi í verbúðunum auknu lífi. Á Norðurgarði var unnið að endurbótum á trébryggju sem er aðallöndunarbryggja HB Granda hf. Í Suðurbugt varð



Haukur Snorrason

sú breyting stærst að með útleigu verbúðanna þar til aðila í veitingarekstri, handverki og fleira, tókst að skapa aukið mannlíf og umferð fólks. Óhætt er að fullyrða að nýjum leigjendum hafi tekist afar vel að uppfylla þau markmið sem stjórn Faxaflóahafna sf. setti með breytingu á notkun húsanna. Í lok árs 2010 var síðan samþykkt að ganga frá samningi við Minjavernd hf. um flutning á saltfiskverkunarhúsinu Sólfelli á bílastæði næst verbúðunum. Samhliða því var ákveðið að loka götunum umhverfis verbúðirnar fyrir umferð, en bæta þannig öryggi og aðgengi fólks. Nokkur kostnaður var við endurnýjun verbúðanna, eða um 20.0 mkr. vegna frárennslis, burðarþols lofta og fleira en að öðru leyti önnuðust leigjendur endurnýjun innviða og uppsetningu innréttinga. Loks var hafist handa við endurnýjun á trébryggju á Ingólfsgarði og lýkur því verki vorið 2011 samhliða ýmsum frágangsverkum við Hörpuna.

Í Sundahöfn var haldið áfram þróun lands utan Klepps með móttöku á efni í landfyllingu sem er forsenda þess að hægt sé að hefjast handa við byggingu á nýjum hafnarbakka á þessum stað. Að auki var hafist handa við umhverfisverkefni á Skarfagarði þar sem gengið verður frá yfirborði á grjótgarði út að innsiglingarvita, sem settur verður upp fremst á garðinn.

Þá var rofið skarð í grjótvegg við Skarfaklett og settur stigi niður í fallega sandfjöru sem áður var almenningi óaðgengileg, en er nú opin þeim sem vilja njóta. Á fyrri hluta ársins 2010 var lokið samningi við Mjólkurfélag Reykjavíkur (Lífland) um kaup eigna við Korngarð, sem er hluti af verkefni MR að flytja starfsemi sína upp á Grundartanga. Faxaflóahafnir sf. eru því eigendur eignanna Korngarður 6, 8 , 5, 7 og 11 en þar er um að ræða fasteignir sem eru um 5.300 $m^2$ á lóðum sem eru um 7.300 $m^2$. Samkvæmt framkvæmdaáætlun Faxaflóahafna sf. er fyrirhugað að ráðast í mjög viðamiklar framkvæmdir við bakkagerð og landþróun í Sundahöfn á næstu árum. M.a. er þar gert ráð fyrir lengingu Skarfabakka sem fyrsta áfanga þess verkefnis. Í tengslum við þær framkvæmdir þarf að endurskoða lóðaskipulag við Korngarða þannig að best henti þeim aðilum sem eru með starfsemi þar og nýjum aðilum sem hefðu hug á að hefja þar starfsemi.

Á Grundartanga var boðinn út fyrsti áfanginn í því verkefni að lengja viðlegumannvirki þar um 120 metra. Unnið var að því að leggja út grjótgarða en efnið sem notað er til þess kemur úr svæði þar sem til verða byggingalóðir. Þá var unnið að umhverfisfrágangi á Grundartanga með gerð jarðvegsmana og gróðursetningu auk þess sem slitlag var endurbætt á götum. Á árinu 2010 var áfram unnið að undirbúningi og könnun á mögulegum vatnstökustöðum norðan Hvalfjarðar á vegum Vatnsveitufélags Hvalfjarðar, sem er sameignarfélag Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar. Vatnsveitumálin eru afar mikilvæg báðum aðilum, en nokkrir valkostir eru fyrir hendi um framhald málsins. Á Grundartanga er mjög mikilvægt að fá aukið neysluvatn og iðnaðarvatn til kælingar og standa vonir til þess að á árinu 2011 verði mótuð sú stefna sem hrint verður í framkvæmd í áföngum á næstu árum.

Á Akranesi var unnið að undirbúningi byggingar aðstöðu fyrir útgerðir smábáta á lóðinni Faxabraut 3, sem er á milli hafnarhússins á Akranesi og fiskmarkaðarins. Með því að skapa útgerðum smábáta betri aðstöðu á landi á Akranesi er verið að styrkja höfnina sem fiskihöfn og treysta grundvöll fiskmarkaðarins í sessi, en verulega hefur dregið úr löndun á fiski á Akranesi eftir að togarar HB Granda hf. hófu að landa afla sínum í Reykjavík. Þá var unnið áfram að öldufarsmælingum og rannsóknum í tengslum við aðgerðir til að auka kyrrð í höfninni og afla upplýsinga um hvernig megi koma fyrir landfyllingum sem myndu auka bakland hafnarinnar, en það hefur verið einn helsti Akkilesarhæll hafnarinnar á Akranesi. Með breytingum á löndun togara HB Granda hf. á ferskum og frystum fiski auk vandkvæða í rekstri Sementsverksmiðjunnar hafa aðstæður í Akraneshöfn breyst verulega, en þó er þar vaxandi smábátaeign auk þess sem uppsjávarfiski er landað þar á fyrri hluta árs. Nokkur tækifæri eru í því að bæta aðstöðu útgerðaraðila smábáta, sem hugsanlega getur laðað að sér aukna útgerð, aukinn afla og lítil fiskverkunarfyrirtæki. Af hálfu Faxaflóahafna sf. er unnið að því að skapa skilyrði fyrir þeirri þróun.

Í Borgarnesi er óveruleg starfsemi, en nokkrir smábátar gera þaðan út að sumri til. Á vegum sveitarfélagsins var unnið að gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og komu Faxaflóahafnir sf. að gerð tillögu um fyrirkomulag smábátahafnar í Brákarey.



Jósef Ægir Stefánsson

# Skipulags- og lóðamál

Unnið var að ýmis konar skipulagsverkefnum á vegum Faxaflóahafna sf. á árinu 2010. Stærstu verkefnin tengjast aðalskipulagsbreytingu á Grundartanga, aðal- og deiliskipulagi í Sundahöfn og skipulagsmálum í Gömlu höfninni.

Í Gömlu höfninni var í framhaldi af þeirri hugmyndasamkeppni fjallað um hvernig halda ætti áfram með þá vinnu sem nauðsynlegt er að fara í. Þar blasir helst við skoðun á skipulagi Slippa- og Ellingsenreits, sem aftur tengist skipulagi Nýlendugötu- og Héðinsgötureits og annarra aðliggjandi svæða. Haldinn var fundur með skipulagsráði Reykjavíkurborgar og í upphafi árs 2011 var haldinn sérstakur „hafnarvinnudagur“ þar sem fjallað var um skipulagsmál á svæðinu frá Ánanaustum að tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpunni. Koma þar ýmis mál til skoðunar svo sem umfang bygginga á TRH-reit, lega Mýrargötu, hugmyndir um hótel á Ægisgarði, þéttleiki íbúðabyggðar á Slippa- og Ellingsenreit og framtíðar starfsemi slippsins. Öll þessi mál eru áfram til umfjöllunar.

Í Sundahöfn var unnið að skipulagningu svæðisins frá farmstöð Eimskipafélagsins til og með farmstöð Samskipa. Alkunna er að Sundahöfn er megin inn- og útflutningshöfn landsins og þar leggja að auki um 55 skemmtiferðaskip árlega að með um 60.000 farþega. Því er afar mikilvægt fyrir efnahags- og atvinnulíf höfuðborgarsvæðisins að vel takist til við skipulagningu hafnarsvæðisins í Sundahöfn. Unnar hafa verið frumtillögur sem eru til skoðunar í stjórn félagsins. Mikilvægt er að takist að vinna þær tillögur og koma í lögformlegan feril á árinu 2011 því annars er viðbúið að framkvæmdum á svæðinu seinki.

Áfram var unnið að deiliskipulagi Akraneshafnar í samvinnu við skipulagsnefnd bæjarins. Drög að deiliskipulagi liggja fyrir en það er nú í auglýsingaferli lögum samvæmt. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir möguleika á landfyllingu sunnanvert á svonefndri Breið, en þá landfyllingu má vinna í nokkrum áföngum eftir því sem eftirspurn verður eftir athafnasvæðum við höfnina.

Á Grundartanga er unnið að breytingu á aðalskipulagi nokkurra lóða í tengslum við umsóknir tveggja fyrirtækja um lóðir á svæðinu. Annars vegar er um að ræða fyrirtæki sem hyggst endurvinna gjall frá álverunum og hinsvegar fyrirtæki í endurvinnslu á brotamálmi. Niðurstaða Skipulagsstofnunar ríkisins að fenginni umsögn sveitarfélagsins var að núverandi skipulag heimilaði ekki þessa starfsemi, en að mati Faxaflóahafna sf. er þar um oftúlkun reglugerða að ræða. Sú leið að óska eftir breyttu skipulagi er fljótlegri en að láta reyna á túlkun reglugerðarinnar, en ferill málsins varpar ljósi á ófullkomnar skilgreiningar skipulagsreglugerðar og nauðsyn þess að Faxaflóahafnir sf. og sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar móti sameiginlega stefnu um landnotkun á Grundartanga og stefnu varðandi þá tegund fyrirtækja sem æskilegt er að fá inn á svæðið.

Í árslok 2010 áttu Faxaflóahafnir sf. nokkrar lóðir lausar til úthlutunar en aðeins einni lóð var formlega úthlutað til fyrirtækis á starfssvæði hafnarinnar. Það var lóð við Klettagarða í Reykjavík sem úthlutað var til fyrirtækis í fólksflutningum og ferðaþjónustu. Á árinu hóf Lífland rekstur á lóð fyrirtækisins á Grundartanga og það fyrirtæki hefur uppi áform um aukin umsvif þar. Þónokkrar fyrirspurnir hafa verið um lóðir á Grundartanga án þess þó að sótt hafi verið um lóð í framhaldi.

**Atvinnulóðir Faxaflóahafna sf. sem eru lausar til umsóknar eru eftirfarandi:**

Ein lóð við Fiskislóð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .alls 5.000 $m^2$
Ein lóð við Korngarða. . . . . . . . . . . . . . . . . . . .alls 30.000 $m^2$
8 lóðir á Grundartanga. . . . . . . . . . . . . . . . . . .alls 52.000 $m^2$

Á Grundartanga er skipulögð 31 lóð, sem ekki eru tilbúnar til úthlutunar en stærð þeirra er alls 370.000 $m^2$. Víða á landi hafnar er fyrir hendi þróunarrými og land til úthlutunar á nýjum athafnalóðum svo sem í Vesturhöfn Gömlu hafnarinnar, Sundahöfn og á Grundartanga.

Þá er hluti af Slippasvæðinu tilbúinn til byggingar, en auglýsing þeirra lóða og úthlutun bíður betra ástands á fasteignamarkaði og endurskoðunar deiliskipulags svæðisins. Loks má nefna að á árinu 2010 var samþykkt í stjórn Faxaflóahafna sf. að ganga til viðræðna við Hafnarhótelið ehf. um lóð fyrir byggingu hótels við Ægisgarð, en viðræður þar að lútandi hafa ekki formlega hafist ennþá, enda forsenda þess að fyrir liggi tillaga sem skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt.




Gunnbjörn Marinósson

# Ýmis atriði

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkti á haustdögum 2010 að hefja vinnu við gerð heildstæðrar umhverfisstefnu fyrirtækisins. Frá árinu 2007 hefur verið haldið utan um „grænt bókhald“ en mótun umhverfisstefnu er í raun eðlilegt framhald af þeirri umhverfisvöktun. Starfsemi fyrirtækisins snertir bæði beint og óbeint fjölda umhverfisþátta og verkefna sem skynsamlegt og nauðsynlegt er að kortleggja eins og kostur er og móta um þá ákveðna starfsferla sem tryggja betur en ella að unnið sé í samræmi við viðurkennd umhverfissjónarmið. Skoðað verður sérstaklega hvort ráðist verði í framhaldi af því að fá vottun fyrir starfsemi fyrirtækisins en slíkt er vel þekkt meðal erlendra hafna. Í umhverfisstefnunni er nauðsynlegt að taka á fjölda mörgum þáttum svo sem meðferð spilliefna, viðbrögð við bráðamengun, frágangi umhverfis hafnanna, mælingum á gæðum sjávar og setlaga, notkun eldsneytis, rafmagns og vatns og mörgu fleiru. Reikna má með að mismunandi kröfur eða viðmiðanir þurfi að setja eftir hafnarsvæðum m.a. í ljósi þess að starfsemi í hluta Gömlu hafnarinnar er að breytast þar sem auknar kröfur um hreinlæti og frágang eru orðnar að veruleika. Meginverkefnið er hins vegar að vinnulag Faxaflóahafna sf. í málum sem varða umhverfið njóti trausts og að fyrirtækið hafi frumkvæði að því að bæta úr því sem betur má fara og þeim starfsleyfum fylgt sem ýmsum fyrirtækjum á hafnarlandinu eru sett.

Í upphafi árs samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. að heimila Hugmyndahúsi Háskólanna afnot að efri hæð Bakkaskemmu, sem Hugmyndahúsið notaði á árinu undir starfsemi „Útgerðarinnar“ Þar voru haldin ýmis konar námskeið og skapandi starfsemi fyrir ungt fólk og tókst vel.

Hátíð hafsins var haldin með hefðbundnum hætti í Vesturhöfninni, en gestasveitarfélag þetta árið var Þórshöfn í Færeyjum. M.a. var kútternum Westward Ho siglt til Reykjavíkur og Akraness í tilefni hátíðarinnar, sem tókst afar vel í alla staði.

Á síðasta aðalfundi Faxaflóahafna sf. skrifuðu Faxaflóahafnir sf. og útgerðarfélögin í Reykjavík og á Akranesi undir samstarfsyfirlýsingu. Á haustdögum var haldinn fundur fulltrúa þessara aðila og er fyrirhugað að halda fleiri slíka samráðsfundi enda útgerð og fiskvinnsla mikilvægur þáttur í starfsemi hafnanna í Reykjavík og á Akranesi.

Um nokkurra ára skeið hefur Eftirlitsstofnun EFTA haft til meðferðar kæru Hafnarfjarðar vegna rekstur slippa á Mýrargötusvæðinu. Var þar um að ræða meinta niðurgreiðslu Reykjavíkurhafnar og síðar Faxaflóahafna vegna starfseminnar. Eftirlitsstofnun EFTA hafnaði þeirri kæru sem kom málinu af stað og lauk málinu með því að fella það niður.

Stjórn Faxaflóahafna sf. ákvað að taka þátt í framlagi Íslands á heimssýningunni í Sjanghæ í Kína og var það gert í samstarfi við orkufyrirtæki á málþingi og kynningu í septembermánuði, en þá var forseti Íslands í opinberri heimsókn í Kína.

Á síðasta aðalfundi var afhent umhverfisviðurkenning Faxaflóahafna sf. – Fjörusteinninn – og var fyrirtækinu Fiskkaup/ Jón Ásbjörnsson hf. veitt viðurkenningin að þessu sinni.

Í októbermánuði var haldið málþing um starfsemi Faxaflóahafna sf. þar sem kynnt voru verkefni á vegum fyrirtækisins. Málþingið var ætlað notendum hafnanna í víðasta skilningi þess orðs og mættu fjölmargir á þingið sem haldið var í Sjóminjasafninu.

Síðustu tvö ár hafa vöruflutningar um Faxaflóahafnir sf. minnkað nokkuð, bæði hvað varðar fjölda gáma og flutningsmagn. Á árinu 2010 varð enn samdráttur en þróun flutninganna frá árinu 2005 er eftirfarandi:

**Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf.** (í tonnum)




**Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf.** (TEU)




Þessi þróun hefur leitt til lækkunar tekna af vörugjöldum. Flutningar á Grundartanga eru nokkuð stöðugir en samdrátturinn kemur fyrst og fremst fram í vöruflutningum um Sundahöfn.

Á árinu 2010 komu 74 skemmtiferðaskip til Reykjavíkur og með þeim 70.133 farþegar og er þetta svipaður fjöldi gesta og árið áður en heldur færri skip. Flestir farþegar komu frá Þýskalandi og fjölgaði þeim frá fyrra ári en Bretum og Bandaríkjamönnum fækkaði nokkuð. Aðrar helstu breytingar á samsetningu gestanna sem heimsóttu höfuðborgina með skipi árið 2010 var að nú komu tæplega 4.700 Spánverjar til Reykjavíkur og það markar tímamót. Það var spánska fyrirtækið Iberiocruceros í Madrid sem hóf að selja ferðir til

Íslands með því að fljúga farþegum til Reykjavíkur og flytja þá þar um borð í skipið. Skipið sigldi svo m.a. til Grænlands og farþegar skoðuðu sig um í nágrenni Reykjavíkur.

Á árinu 2009 lét Hafnasamband Íslands gera könnun á efnahagslegum áhrifum skemmtiferðaskipa sem koma til Íslands. Niðurstöður úr könnuninni komu í apríl 2010 og sýndu að bein neysla farþega og áhafna í Reykjavík sumarið 2009 nam rúmlega 1,7 milljarði króna, miðað við þáverandi gengi íslensku krónunnar. Könnunin náði aðeins til neyslu farþega og áhafna en þá eru ótaldar tekjur svo sem hafnargjöld, skattar til opinberra aðila, kaup á kosti og brennsluolíu ásamt ýmis konar tilfallandi innkaupum fyrir skipið.

**Komur skemmtiferðaskipa og fjöldi farþega**




Lengri viðvera í Reykjavik er þróun sem virðist halda áfram. Sumarið 2010 stoppuðu 18 skemmtiferðaskip yfir nótt í Reykjavik og nokkur skiptu um farþega í gegnum flugvöllinn í Keflavík. Lengri viðdvöl og farþegaskipti auka við þann efnahagslega ábata sem höfuðborgarsvæðið nýtur af komu skipanna.
Markaðssetning til að laða að fleiri skemmtiferðaskip er í svipuðum farvegi og áður og tekið er þátt í sýningum í Miami, USA og Hamborg, Þýskalandi. Auk þess eru stærstu viðskiptavinir heimsóttir og fulltrúar Faxaflóahafna taka virkan þátt í starfi Cruise Iceland, sem eru samtök þeirra fyrirækja sem sérhæfa sig í móttöku skemmtiferðaskipa. Útlit fyrir áframhaldandi jákvæða þróun í fjölgun farþega er ágætt og hafa 65 skip nú þegar bókað komu sína 2012 og nokkrir dagar mjög ásetnir á Skarfabakka.

**Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2005 til 2010 er eftirfarandi:**

| Sjávarafli | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 48.623 | 44.319 | 65.632 | 25.071 | 24.833 | 34.708 |
| Reykjavík | | 95.690 | 110.377 | 107.803 | | |
| Alls | 152.631 | | 176.009 | 132.874 | 129.877 | 143.676 |

Í lok árs 2010 voru 62 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins 70. Í upphafi árs 2010 var gerð breyting á vaktafyrirkomulagi hafnarþjónustu sem hefur haft í för með sér ákveðna hagræðingu auk þess sem starfsmönnum hefur fækkað á síðustu tveimur árum. Þá hefur starfslýsingum verið breytt á skrifstofu fyrirtækisins og verkefnum einstakra starfsmanna verið breytt, en með því hefur fengist öflugra starf við uppgjör, innra eftirlit og reikningagerð. Þróun starfsmannamála á liðnum árum er eftirfarandi:

| Störf | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Hafnarþjónusta | 36 | 35 | 31 |
| Bækistöð | 14 | 14 | 14 |
| Tæknideild | 3 | 3 | 3 |
| Skrifstofa | 14 | 12 | 12 |
| Fasteignir | 1 | 1 | 1 |
| Siglingavernd - Umhverfismál | 1 | 1 | 1 |
| Alls | 69 | 66 | 62 |

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 1–2 til í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði.

Sérstök ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild í ágætum árangri við að halda rekstrargjöldum fyrirtækisins innan þeirra ramma sem settir hafa verið. Framlag þeirra hefur gert það að verkum að unnt hefur verið að mæta lækkandi tekjum þannig að fyrirtækið hefur þrátt fyrir ágjöf skilað ágætum rekstrarafgangi.

# Niðurlag

Sem kunnugt er gengur rekstur íslenskra hafna misjafnlega og reyndar fremur illa mjög víða. Nokkrar hafnir standa þó upp úr hvað afkomu og efnahag varðar og Faxaflóahafnir sf. þar sýnu best. Þrátt fyrir ágætan fjárhag þá leynast einnig fjárhagslegar hættur sem mikilvægt er að átta sig á. Í fyrsta lagi hefur verið og verður óvissa um þróun innflutnings, en vörugjöld eru einn stærsti tekjuliður hafnarinnar. Í öðru lagi eru sveiflur í aflabrögðum og verðmæti aflans auk þess sem útgerðarmenn óttast óvissu um það fiskveiðikerfi sem ætlunin er að breyta. Í þriðja lagi er mikilvægt að eigendur Faxaflóahafna sf. móti skýra stefnu um arðgreiðslur frá fyrirtækinu þannig að unnt verði að taka tillit til þess í framtíðaráformum um fjárfestingar og samsetningu gjaldskrár. Styrkur Faxaflóahafna sf. felst hins vegar í hóflegri skuldsetningu, afbragðs hafnaraðstöðu og góðu baklandi öflugra fyrirtækja. Það er því eðlilegt og nauðsynlegt að framtíðarstefna fyrirtækisins miði að því að skapa aðstöðu fyrir öflug fyrirtæki sem styrkja atvinnu- og efnahagslíf á starfssvæði Faxaflóahafna sf. Þeirri stefnu þarf síðan að fylgja eftir með beinni markaðssetningu og aðstöðusköpun. Ekki síður er mikilvægt að sú starfsemi sem eftirsóknarverð er falli innan ramma þeirra umhverfisviðmiða sem lög, reglur og Faxaflóahafnir sf. skilgreina. Öllum á að vera ljóst að á hafnarsvæðum er uppspretta hagvaxtar. Því er mikilvægt að starfsemi Faxaflóahafna sf. miði áfram að því að skapa aðstæður til fjárfestinga og skila þannig beinum og afleiddum arði til eigenda sinna og íbúa þeirra.

Reykjavík, 1. apríl 2011

Hjálmar Sveinsson, *formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*


Jósef Ægir Stefánsson

# Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2010 (í tonnum)

| | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innflutningur** | | | | | | |
| Olía | 544.764 | 583.871 | 484.852 | 436.514 | 452.345 | 365.080 |
| Vörur til stóriðju | 689.576 | 719.312 | 980.957 | 805.701 | 994.166 | 1.042.311 |
| Bifreiðar | 41.660 | 37.359 | 38.718 | 22.392 | 3.580 | 5.598 |
| Byggingavörur | 100.831 | 171.510 | 196.809 | 101.543 | 67.800 | 67.305 |
| Laust korn | 74.607 | 72.402 | 85.623 | 60.846 | 25.130 | 57.855 |
| Ýmsar vörur | 741.297 | 703.411 | 817.752 | 670.816 | 456.222 | 396.341 |
| | 2.192.735 | 2.287.865 | 2.604.711 | 2.097.812 | 1.999.243 | 1.934.490 |
| | | | | | | |
| **Útflutningur** | | | | | | |
| Vörur frá stóriðju | 219.458 | 291.574 | 357.680 | 445.038 | 394.703 | 363.403 |
| Sjávarafurðir | 279.632 | 292.058 | 206.086 | 260.983 | 280.426 | 261.690 |
| Ýmsar vörur | 99.331 | 266.163 | 238.063 | 162.889 | 162.263 | 99.164 |
| | 598.421 | 849.795 | 801.829 | 868.910 | 837.392 | 724.257 |
| | | | | | | |
| **Strandflutningar** | | | | | | |
| Frá höfn | 297.207 | 189.804 | 182.824 | 123.984 | 182.386 | 123.131 |
| Til hafnar | 135.969 | 2.220 | 410 | 1.503 | 2.977 | |
| | 433.176 | 192.024 | 183.234 | 125.487 | 185.363 | 123.131 |
| | | | | | | |
| **Milliflutningar** | 46.762 | 56.390 | 49.146 | 40.170 | 64.720 | 34.938 |
| | | | | | | |
| **Alls:** | 3.271.094 | 3.386.074 | 3.638.920 | 3.132.379 | 3.086.718 | 2.816.816 |
| | | | | | | |
| **Dæld steinefni** | 1.215.199 | 1.425.722 | 1.305.086 | 956.215 | 361.680 | 204.000 |
| | | | | | | |
| **Landaður afli** | 125.610 | 129.388 | 163.274 | 126.767 | 119.618 | 143.676 |
| | | | | | | |
